

62

sem hún vill útvega til láns úr landssjóði handa honum, en amtsráðið hins vegar ekki getur samþykkt, að sýslunefndir láni út fje sýslufjelaga án nægilegrar tryggingar fyrir skilvísri endurborgun.

3. Af því, að amtsráðinu er kunnugt, að Sveinn búfræðingur Sveinsson getur ekki nú sem stendur fullnægt því skilyrði, sem amtsráðið sjer af fundargjörðum sýslunefndarinnar, að hún hefir sett fyrir þessu láni sínu til hans.
14. Forseti lagði fram brjef frá hreppsnefndinni í Ölveshreppi, dags. 5. þ. m., þarsem hún beiðist þess, að sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Jóni Jónssyni, verði, einsog að undanfögnu, veittur 100 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði, og að til viðgerðar á húsinu að utan verði veittar allt að 30 kr., og var hvorttveggja veitt.
15. Þarnæst var rædd og samín áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1888, svolátandi:

Tekjur.	
1. Eptirstöðvar	kr. 2000,00
2. Niðurjöfnun	— 780,00
	kr. 2780,00
Gjöld.	
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðisráðstafana	kr. 400,00
2. — ferðakostnaðar	— 200,00
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja	— 300,00
4. — sáttamálefna	— 30,00
5. — kostnaðar við amtsráðið	— 150,00
6. Ýmisleg gjöld ,	— 700,00
7. Eptirstöðvar	— 1000,00
	kr. 2780,00

Síðan var fundarbókin lesin upp og fundi slitið 9. júní 1887.

E. Th. Jónassen.

63

4. maí. **kirkju.** — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 26. febr. þ. á., hefir hans hátígn konunginum þóknast 26. f. m. allramildilegast að fallast á, að ítak það, er Melakirkja í Saurbæjar- og Melaprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi á í Hafnarskógi og sem ræðir um í nefndu brjefi yðar, verði selt þórði bónda Þorsteinssyni á Leirá fyrir 300 kr., þannig, að kaupandi greiði af skógarparti þessum eptir kaupin tíund og önnur gjöld til hins opinbera, sem á bændaeignum hvíla.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

64

5. maí. **til að ráða til lykta breytingum á sókna- og brauðaskipun.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. marz þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að eptir ályktun, er samþykkt var í einu hljóði á safnaðafundum í öllum kirkjusóknum í Mosfells- og Klausturhóla prestaköllum, hafi yður verið send bænarskrá, er sje samkvæm uppástungu frá hjeraðsfundinum í Árnessprófastsdæmi, og sje þar farið fram á, að landshöfðinginn